

Fundargerð 439

Föstudaginn 15. apríl 2016 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í félagsheimilinu Miðgarði, Skagafirði. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir sérfræðingur á rekstrarsviði (við dagskráliði 1-4), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
3. Fundargerðir lánanefndar
4. ICAAP skýrsla (innra mat á eiginfjárbörf) fyrir Byggðastofnun – lagt fram
5. Umhverfisstefna fyrir Byggðastofnun
6. Þóknun fyrir endurskoðunarnefnd
7. Erindi Jarðasjóðs Vestur Húnavatnssýslu
8. Byggðaáætlun – til upplýsingar
 - Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
9. Styrkir til meistaranema
10. Önnur mál
 - Innri endurskoðun
11. Næsti fundur

Í upphafi fundar upplýsti formaður um skilaboð frá forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins um að heimild til áætlanagerðar vegna nýrrar fasteignarinnar stofnunarinnar lægi nú fyrir. Því ætti að vera hægt að hefja formlegan undirbúning byggingarinnar.

AÐ upplýsti um að hann hefði fengið bréf frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem tilkynnt var að stjórn Byggðastofnunar yrði óbreytt fram að næsta ársfundi 2017.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 438 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016

AÐ, EGK og SBS fóru yfir stöðu verkefna. Rekstrartölur fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins lágu ekki fyrir fundinum en verða sendar stjórnarmönnum í næstu viku þegar þær liggja fyrir. AÐ upplýsti um að auglýst yrði eftir sumarstarfsmanni á fyrirtækjasviði og að auglýst hefði verið laust starf lánasérfræðings á fyrirtækjasviði sem hefði losnað.

SBS sagði frá því að vinna við nýja byggðaáætlun væri að komast á skrið. Fundir v. byggðaáætlunar eru fyrirhugaðir í öllum landshlutum. Tveir fundir eru búnir á Suðurlandi og Austurlandi og gengu vel. Fundað hefur verið með ráðherra, stýrihópi Stjórnarráðsins í

undirbúningi fundir með ráðuneytum. Stefnt er að því að verkefninu verði lokið 1. nóvember nk.

AP og SBS fjölluðu um styrki til sauðfjárþænda sem Byggðastofnun er falin aðkoma að í nýjum búvörusamningum. Fyrirhugaður er fundur með landssambandi sauðfjárþænda og eiga tillögur að liggja fyrir um miðjan júní. Tillögur munu verða lagðar fyrir stjórn.

EEE spurðist fyrir um frestun funda vegna Brothættra byggða í Grímsey. AP upplýsti um að frestunin hefði komið til vegna óska heimamanna.

3. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 9/16, 23. mars 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 10/16, 30. mars 2016

EGK fór yfir fundargerðina

....

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 11/16, 8. apríl 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

....

....

....

....

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 12/16, 13. apríl 2016

EGK fór yfir fundargerðina.

....

Fundargerðin staðfest.

4. ICAAP skýrsla (innra mat á eiginfjárför) fyrir Byggðastofnun

HP og MH kynntu ICAAP skýrslu vegna ársins 2015 fyrir stjórn og fóru yfir helstu niðurstöður hennar.

5. Umhverfisstefna fyrir Byggðastofnun

EGK fór yfir drög að nýrri umhverfis- og samfélagsstefnu fyrir Byggðastofnun. Umhverfis- og samfélagsstefna Byggðastofnunar er skjalfest viljayfirlýsing sem samþykkt er af stjórn stofnunarinnar og felur í sér stefnumið og markmið Byggðastofnunar í umhverfis- og samfélagsmálum. Stefnan er í samræmi við eðli og umfang þjónustu stofnunarinnar. Með þessari umhverfis- og samfélagsstefnu eru sett markmið fyrir alla stofnunina, rekstur hennar og útlánastarfsemi. Í stefnunni eru skuldbindingar um stöðugar umbætur í þessum málum. Einnig felur stefnan í sér skuldbindingu um að fylgja viðeigandi lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál og öðrum kröfum sem stofnunin hefur samþykkt að uppfylla.

Formaður bar upp stefnuna og var hún samþykkt samhljóða.

6. Þóknun fyrir endurskoðunarnefnd

EEE vék af fundi þar sem hann situr í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar.

Formaður og AP kynntu erindi sem borist hefur frá endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar. Í erindinu er óskað er eftir því að þóknun nefndarinnar verði endurskoðuð þar sem þóknunin hafi verið óbreytt nú um nokkurt skeið og en hafi tekið breytingum í takt við almennar launahækkanir.

AP leggur til að hann muni gera tillögu til stjórnar á næsta fundi en spyr hvort taka eigi stjórnarlaun til skoðunar einnig, en þau eru ákvörðuð af ráðherra.

Samþykkt að fela forstjóra að koma með tillögu að þóknun endurskoðunarnefndar á næsta fundi og að stjórnarformaður muni hafa samband við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra varðandi þóknun fyrir setu í stjórn Byggðastofnunar.

7. Erindi Jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu

AP kynnti málið. Erindi hefur borist frá stjórn jarðasjóðs Vestur-Húnavatnssýslu um samstarf til að létta undir með frumbýlingum á svæði sjóðsins.

Stjórn tekur jákvætt í erindið.

8. Byggðaáætlun

SBS og AP fóru yfir stöðu vinnu við nýja Byggðaáætlun.

Erindi hefur borist frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) þar sem stjórn SSH fagnar þeirri áherslubreytingu vegna byggðamála sem fram kemur í lögum um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir landshluta. Jafnframt er vakin athygli stjórnar Byggðastofnunar á þeirri framtíðarsýn og stefnumörkun sem nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið grundvallast á. Þá vekur stjórn SSH athygli stjórnar Byggðastofnunar á nokkrum grundvallarskjölum sem fyrir liggja eftir vinnu á vegum samtakanna við mótun nýs svæðaskipulags og gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Stjórn Byggðastofnunar fagnar erindi stjórnar SSH og þeim mikla áhuga sem þar kemur fram sem gagnast mun við vinnu nýrrar byggðaáætlunar. Erindinu er vísað til vinnslu Byggðaáætlunar.

9. Styrkir til meistaranema

AÐ kynnti tillögur byggðarannsóknarsjóðs um styrki til meistaranema. Stjórn Byggðastofnunar veitir árið 2016 allt að 1.000.000 kr. til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaáætlunar 2014-2017 og skulu verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar. Auglýsing um styrkina birtist 27. febrúar sl. og voru upplýsingar sendar til íslensku háskólanna og þess óskað að þeim væri komið á framfæri við meistaranemendur. Umsóknafrestur rann út á miðnætti 31. mars. Alls bárust 6 umsóknir.

Farið var yfir hverja umsókn fyrir sig og þær metnar út frá verklagsreglum úthlutunar og byggðaáætlun 2014-2017. Samkvæmt verklagsreglunum skal við mat á umsóknum litið til tengsla við byggðaáætlun, nýnæmi verkefnis og hvort til staðar séu möguleikar á hagnýtingu þess, sem og gæði umsókna og hæfni umsækjenda.

Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að styrkjaeftirfarandi fjögur verkefni:

1.-2. sæti

From fish to tourism: Ferðaþjónusta sem tæki til byggðaþróunar. Umsækjandi er Edda Ósk Óskarsdóttir, meistaranemi í ferðamálafræðum við Háskólann í Álaborg.

1.-2. sæti

Akureyri – Vibrant town year round (vinnutitill). Umsækjandi er Katrín Pétursdóttir, meistaranemi í sjálfbærri hönnun þéttbýlis (e. sustainable urban design) við Háskólann í Lundi.

3.-4. Sæti

Samspil grunnvatns og rennsli Tungnaár. Umsækjandi er Snævarr Örn Georgsson, meistaranemi í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands.

3.-4. sæti

Flutningur ríkisstofnana. Viðhorf og líðan starfsmanna. Umsækjandi er Sýlvía Guðmundsdóttir, meistaranemi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

Lagt er til að þau verkefni sem raðað er í 1.-2. sæti fái styrk að upphæð 350 þúsund hvort og þau verkefni sem raðað er í 3.-4. sæti fái styrk að upphæð 150 þúsund hvort.

Samþykkt samhljóða.

Þá voru lagðir fram til kynningar styrkir til byggðarannsóknna.

10. Önnur mál

Innri endurskoðun

AÐ upplýsti að samningur við Ernst & Young um innri endurskoðun sé runninn út verið væri að undirbúa útboð í samstarfi við Ríkiskaup. Stefnt er að því að leggja samning um innri endurskoðun fram á næsta fundi stjórnar til samþykktar.

11. Næsti fundur

AÐ mun senda tillögu að næsta fundardegi.

Formaður þakkaði fyrir afar gott samstarf við stjórnarmenn á starfsárinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
